

Menntaskólinn í Kópavogi

Ársskýrsla 2023



Efnisyfirlit

Inngangur skólameistara	3
Hlutverk og stefna	4
Námsframboð og nemendafjöldi.....	5
Brotthvarf	6
Brautskráningar	7
Ytri úttekt.....	8
Kennsla, stjórnun og starfsmannahald	9
Nemendabjónusta	10
Námsráðgjöf.....	10
Sálfræðingur.....	10
Hjúkrunarfræðingur	10
Umsjónarkennarar	10
Tölvubjónusta	11
Bókasafn.....	11
Jafnréttisfulltrúi	12
Félagslíf nemenda og forvarnir	12
Umhverfismál	13
Leiðsöguskóli	14
Kennsla í Krýsuvík	16
Opið hús.....	16
MK 50 ára 22. september	17
Erlent samstarf	18
Gæðastjórnun.....	19
Framkvæmdir í MK	20
Yfirlit um rekstrarafkomu	20
Árangursmælikvarðar og markmið úr stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila	21
Fjölga nemendum í kjötið og framreiðslu	21
Betri og hagkvæmari nýting hráefnis	21
Skipurit MK	22
Starfsfólk skólans árið 2023	23
Stjórnendur	23
Skólanefnd	23
Annað starfsfólk.....	24
Kennarar	24

Inngangur skólameistara

Árið 2023 er merkisár í sögu Menntaskólans í Kópavogi. Í fimm áratugi hefur skólinn þróast og dafnað en skólinn átti 50 ára afmæli þann 22. september 2023. Á afmælisdegi skólans kom Páll Óskar og söng fyrir nemendur og starfsfólk. Fjöldi boðsgesta og velunnarar skólans heimsóttu skólann, en kennarar og nemendur í matvælagreinum sáu um stórglæsilegar kræsingar. Á afmælisárinu var margt til gamans gert, t.a.m. var leikfélag Menntaskólans í Kópavogi endurvakið eftir nokkurra ára hlé. Söngleikurinn „Litla hryllingsbúðin“ var sett upp í Gaflaraleikhúsinu og sá Stefán Benedikt Vilhelmsson um leikstjórn.



Félagslíf nemenda blómstraði og voru viðburðir eins og t.d. nýnemadagur, spilakvöld, tyllidagar og árshátíð nemendafélagsins o.fl. haldin hátíðleg. Nokkrir nemendur fóru svo í söguferð til Póllands og skoðuðu fangabúðir nasista í Auschwitz og aðrir fóru til Danmerkur til að kynnast danskri menningu og spreyta sig á dönskunni.

Ánægjulegt var að hefja skólastarfið sl. haust þar sem metaðsókn var í skólann en því miður þurfti að vísa mörgum góðum nemendum frá. Kennarar voru duglegir að þróa sig í starfi og var fræðsludagur tileinkaður vellíðan nemanda haldinn í desember. Nokkrir kennarar tóku sig svo saman og héldu þverfaglega fundi um kennsluhætti og hvernig hægt er að þróa þá.

Í fyrsta sinn var sálfélagslegt áhættumat framkvæmt í skólanum en Attendus sá um framkvæmd þess. Starfsmenn fóru í vorferð á Snæfellsnesið sem tókst með eindæmum vel og haustið 2023 var Guðríður Hrund sett sem skólameistari í eitt ár þar sem Guðríður Eldey Arnardóttir fór í námsleyfi.

Guðríður Hrund Helgadóttir

Hlutverk og stefna

Menntaskólinn í Kópavogi starfar samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Hlutverk skólans er kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, kennsla á starfsnámsbrautum, einkum í matvælagreinum, og kennsla í leiðsögn um landið í kvöldskóla, allt með áfanga- og fjölbrautasniði.

Skólinn stuðlar að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Í skólstarfinu skal búa nemendur undir störf og frekara nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, þjálfa þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar. Í skólanámskrá mótar skólinn stefnu sína og markmið skólstarfsins, skipulag skólans og reglur, námsbrautir og áfangalýsingar.

Stefna Menntaskólans í Kópavogi er að veita nemendum möguleika til menntunar og þroska á þeirra forsendum í framsæknum skóla. Skólinn kappkostar að bjóða hagnýtt og fjölbreytt nám sem undirbýr nemendur fyrir störf í atvinnulífinu eða frekara nám.

Menntaskólinn í Kópavogi leggur áherslu á þekkingu, þroska, þróun og þátttöku í allri starfsemi skólans með hag nemenda og starfsmanna að leiðarljósi.

Til að vinna að hlutverki og stefnu skólans hefur skólinn skilgreint eftirfarandi stefnuskjöl sem birt eru á heimasíðu skólans (www.mk.is) og í stjórnunarhandbók MK.

• Alþjóðastefna	• Eineltis- og áreitnistefna
• Fjölmenningarstefna	• Forvarnarstefna
• Gæðastefna	• Heilsustefna
• Innkaupastefna	• Jafnréttisstefna
• Menntastefna	• Persónuverndarstefna
• Starfsmannastefna	• Stjórnunarhættir
• Samskiptasáttmáli starfsfólks	• Umhverfis- og loftslagsstefna
• Upplýsingatæknistefna	• Vinnuverndarstefna



Námsframboð og nemendafjöldi

Fjöldi nemenda í dagskóla í byrjun vorannar 2023 var 838 þar af innrituðust 31 nemandi í bóknám sem voru að koma úr öðrum skólum. Þá voru 76 innritaðir í starfsnám. Af þeim innrituðust 8 á bakarnám, 8 í framreiðslu, 9 í kjötiðnaðarnám og 43 í matreiðslu.

Á haustönn 2023 var heildarfjöldi nemenda í dagskóla 974 þar af 282 nýnemar (10. bekkingar), 53 eldri bóknámsnemendur (sem komu úr öðrum skólum) og 206 starfsnámsnemendur. Af þeim 488 nemendum sem voru innritaðir voru 21 á félags- og hugvísindabraut, 78 á opna braut, 18 á raungreinabraut, 65 á viðskipta- og hagfræðibraut, 49 í grunndeild matvæla- og ferðagreina, 39 á framhaldsskólabrú 12 á starfsbraut fyrir einhverfa nemendur, 15 í bakariðn, 23 í framreiðslu, 57 í matreiðslu, 9 í kjötiðn, 29 í matartæknánám, 23 í matsveinanám og 50 nemendur í meistaranám hótél- og matvælagreina. Af þeim bóknámsnemendum sem voru innritaðir voru 103 nýnemar og 17 eldri nemar sem hófu nám á íþróttafrekssviði skólans og eru nemendur á afreksíþróttasviði skólans þá tæplega 280. Í bóknámi er opna brautin vinsælust meðal nemenda skólans en viðskipta- og hagfræðabrautin hefur verið að sækja í sig veðrið. Í starfsnámi er matreiðslan vinsælust.

Kynjahlutfall í skólanum var haustið 2023, 60% karlmenn og 40% konur. Af þeim nýnemum sem voru innritaðir voru 36% stúlkur og 64% piltar. Á íþróttafrekssviði eru piltar í miklum meirihluta eða 70%. Stúlkum hefur þó verið að fjölga á síðustu önnum.


Með tilkomu afreksíþróttasviðs við skólann haustið 2019 hefur aðsókn í bóknám skólans aukist verulega og komast færri að en vilja. MK er skóli fyrir fjölbreyttan hóp nemenda með ólíkar þarfir og er það helsti styrkur skólans.



Brotthvarf

Nemendur hverfa frá námi á hverri önn af ýmsum ástæðum. Algengastar eru veikindi, brottrekstur vegna mætingar eða að nemendur skipta um skóla. Stöðugt er unnið að því að draga úr brotthvarfi.

Brotthvarf nýnema, samkvæmt skýrslu unninni af Mennta- og barnamálaráðuneyti, fyrir skólaárið 2022-2023, var 15,8%. Vert er að benda á að í þessari tölu er ekki tekið tillit til grunndeildar matvæla- og ferðagreina sem er námsbraut ekki með eiginleg námslok heldur er hún undirbúningsnám fyrir frekara nám á framhaldsskólastigi.



Brautskráningar

Alls voru 269 nemendur brautskráðir á árinu 2023, 186 í maí og 83 í desember. Alls brautskráðust 130 konur og 139 karlar. Af stúdentsbrautum brautskráðust fleiri konur en karlar, fleiri karlar brautskráðust úr löggiltu iðngreinunum og fleiri konur úr matsveina- og matartæknánámi.

Vorið 2023 brautskráðust 24 nemendur af afreksíþróttasviði og var meðaleinkunn þeirra 8,1, meðaleinkunn annara stúdenta var 7,1.

Námsleið	Vorönn 2023			Haustönn 2023		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Stúdentsbrautir	17	40	57	14	16	30
Stúdentsbraut - afreks svið	17	7	24	8	2	10
Iðnstúdent		1	1			
Bakstur	4	2	6			
Framreiðsla	4	7	11	6	1	7
Kjötiðn	2		2			
Matreiðsla	12	5	17	14		14
Meistaránám	11	6	17	2	2	4
Matsveinar	5	11	16		2	2
Matartæknar	1	4	5	6	10	16
Leiðsögunám	15	13	28			
Starfsbraut	1	1	2			
Alls	89	97	186	50	33	83



Ytri úttekt

Á vorönn 2023 fór fram ytra mat á starfsemi skólans. Matið er liður í eftirliti Mennta- og barnamálaráðuneytis með starfsemi framhaldsskóla en Menntamálastofnun annaðist framkvæmdina fyrir ráðuneytið. Úttektaraðilar voru Hjördís Þorgeirsdóttir og Sigurborg Matthíasdóttir og tóku þær viðtöl og rýnihópaviðtöl við 55 viðmælendur úr hópi starfsfólks og nemenda. Heildarniðurstöður hafa verið gefnar úr og eru aðgengilegar [hér](#).

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru að:

- skólinn hefur markað sér heildstæða stefnu sem endurspeglast vel í fjölbreyttu námsframboði skólans og fjölbreyttum nemendahópi
- yfirgripsmikið innra mat sem endurspeglast í miklu og virku samráði meðal stjórnenda og gæðastjóra á vikulegum fundum
- almenn ánægja er með nýtt skipurit skólans þar sem áhersla er lögð á dreifstjórnun og aukna ábyrgð ásamt teymisvinnu
- kennarar skólans eru reynslumiklir og faglega sjálfstæðir
- kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi
- góð samskipti eru milli nemenda og starfsfólks skólans
- nemendum líði almennt vel í skólanum
- húsnæði skólans er bjart og hlýlegt og skólinn er vel tækjum búinn bæði í bók- og starfsnámshluta skólans
- almenn ánægða er með þann holla og góða mat sem er í boði í skólanum
- vel hafi tekist til við að stuðla að minni matarsóun
- skólinn leggi áherslu á að laga sig að breyttum kröfum í samfélaginu sem t.d. má sjá með sífelldri endurskoðun á námsframboði og inntaki stúdentsbrauta, áherslu á afreksíþróttir, rafræna ferilbók í vinnustaðanámi og samstarf við atvinnurekendur í hótél- og matvælagreinum sem og í ferðaþjónustu.



Kennsla, stjórnun og starfsmannahald

Haustið 2023 var tekin upp ný stökkatafla þar sem rými var gert í stundatöflu fyrir tvo verkefnatíma á viku þar sem nemendur geta farið og hitt kennara sína og fengið aðstoð við námsefnið. Auk þess voru settir inn tveir tímar á viku fyrir faglegt samstarf þar sem kennarar geta sinnt þverfaglegu samstarfi og þróunarvinnu.

Alls önnuðust 62 kennarar kennslu á vorönn og 60 kennarar á haustönn.

Framkvæmdastjórn skipa: skólameistari, aðstoðarskólameistari, framkvæmdatjóri Hótel- og matvæðaskólans, áfangastjóri, náms- og skrifstofustjóri, kennslustjóri.

Fjármálastjóri, 12 deildarstjórar (enska, íslenska, stærðfræði, erlend tungumál, félagsgreinar, raungreinar, viðskipta- og hagfræðagreinar, bakstri, framreiðslu, matreiðslu, matartæknámi, starfsbraut fyrir einhverfa nemendur), fagstjóri afreksíþróttasviðs og fagstjóri Leiðsöguskólans, rúmlega 60 kennarar, einn ritari á skrifstofu, tveir náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur í hlutastarfi, forstöðumaður bókasafns, gæðastjóri, umsjónarmaður fasteigna, innkaupastjóri, kerfisstjóri, einn þroskaþjálfari og þrjú stuðningsfulltrúar, matráður og þrjú aðstoðarmenn, sex vinna við ræstingar en auk þess sér fyrirtækið Hreinar línur um ræstingu á hluta af kennslustofum og almennum rýmum skólans.



Nemendapjónusta



Við Menntaskólann í Kópavogi er rekið öflugt þjónustunet fyrir nemendur.

Námsráðgjöf

Við skólann starfa tveir náms- og starfsráðgjafar. Hlutverk þeirra er að aðstoða nemendur með allt sem getur haft áhrif á nám þeirra og námsárangur eins og náms- og starfsval og persónuleg mál. Námsráðgjafar veita ráðgjöf og stuðning og vísa til annarra sérfræðinga ef þörf er á. Námsráðgjafar fylgja einnig eftir útskriftarefnum bæði í bók- og starfsnámi og eru með umsjón með þeim á lokaönn.

Sálfræðingur

Við skólann er einnig starfandi sálfræðingur í fullu starfi nemendum að kostnaðarlausu. Sálfræðingurinn hóf störf í byrjun árs 2023 og er góð viðbót við nemendapjónustuna. Flestir þeirra sem leita til sálfræðingsins eiga við þunglyndi og kvíða að stríða auk lágs sjálfsmats. Þeir nemendur sem nýta sér þjónsutu sálfræðingsins eru flestir úr bóknámi eða 83,5%. Stúlkur sækja sér frekar aðstoð en piltar og hefur sá munur aukist um 11% á milli vorannar og haustannar. Meðalaldur þeirra sem sóttu sér sálfræðipjónustu er 17,75 ár.



Hjúkrunarfræðingur

Skólahjúkrunarfræðingur starfar við skólann í hlutastarfi í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þjónustan er í formi einstaklingsmiðaðrar ráðgjafar. Áherslan er á vegvísi um heilbrigðiskerfið og er boðið upp á fræðslu og ráðgjöf við vægum vanda, s.s. tengdum geðheilbrigði, kynheilbrigði, félagslegum vanda og almennu heilbrigði.

Umsjónarkennarar

Fyrstu tvö árin eru allir nemendur undir 18 ára með umsjónarkennara sem fylgist með ástundun og námsframvindu þeirra í áfanganum VERA (virðing, efling, rökhugsun og atorka). Í áfanganum er nemendum kennt að halda utan um nám sitt og þau frædd um það sem skiptir máli varðanadi námið, uppbyggingu námsferilisins og fl. Foreldrum allra nýnema er boðið á foreldrakynningu í skólanum á haustin og aðra hverja viku fá þeir sent fréttabréf með því helsta sem tengist námi barna þeirra og skólastarfinu.

Tölvuþjónusta

Við tölvuþjónustu starfa tveir starfsmenn, kerfisstjóri og umsjónarmaður heimasíðu.

Helsta hlutverk tölvuþjónustunnar er tæknileg aðstoð fyrir nemendur og starfsfólk skólans, umsjón með vefsíðu skólans, netkerfi og kennslukerfum s.s. Moodle , Teams og Office 365.

Stöðug nýsköpun og þróun er hjá tölvuþjónustu skólans og eru uppfærslur á kennslubúnaði reglulegar. Unnið er að endurskoðun heimasíðu sem stefnt er að verði opnuð í byrjun árs 2024.

Bókasafn

Helsta markmið bókasafnsins er að veita notendum góða þjónustu, aðstoða við heimildaleit, finna lestraefni við hæfi og útvega gögn í millisafnaláni. Útlán á tölvum fer fram á safninu og einnig er hægt að prenta út þegar þess þarf. Bókasafnið býður upp á góða vinnuaðstöðu þar sem nemendur geta komið og unnið verkefni í næði og nýtt þau gögn sem í boði eru. Notkun á safninu og vinnurými þess eru mikil.

Kynning á hlutverki bókasafnsins var með hefðbundnu sniði í vetur. Nýnemakynningar þar sem starfsemin er kynnt. Kennsla í heimildanotkun hjá útskriftarefnum í LOVE áfanga. Þar er lögð áhersla á að nemendur leggi mat á heimildir og áreiðanleika þeirra og að leita í gagnasöfnum. Einnig er fjallað um siðferði á vefnum og að nemendur gæti hófs þegar þeir sækja efni af vefnum og séu meðvitaðir um ritstuld og hvernig vísa þarf til heimilda.

Hlaðvarpsgræja/Podcast tæki var keypt í mars 2023 og hefur hún verið mikið notuð af tungumálakennurum. Tækið er góð viðbót við safnkostinn og þá þjónustu sem safnið býður upp á gagnvart kennurum og nemendum.



Jafnréttisfulltrúi

Á vorönn 2023 var jafnréttisvika MK haldin eins og endranær. Fyrirlesarar komu frá Kvennaathvarfinu, Antirasistum og Karlmennskunni. Arna Magnea Danks hélt fyrirlestur um reynslu trans fólks í samfélaginu og nemendur fengu einnig fræðslu um kynferðisofbeldi. Sýndar voru heimildamyndir um líkamsvirðingu, kynverund fatlaðs fólks og ýmislegt fleira. Hápunktur vikunnar var svo sýningin Góðan daginn faggi sem nemendur og kennarar fjölmenntu á í Þjóðleikhúsinu.

Jafnréttisfulltrúi skólans, María Hjálmtýsdóttir, var einn fjögurra höfunda nýrra kennsluleiðbeininga í forvörnum gegn kynferðisofbeldi og hún mætti, ásamt fleirum, fyrir hönd MK á málþing Stígamóta, fundi með SÍF, ráðstefnu um ofbeldismenn á Íslandi og ýmislegt fleira á vor- og haustönn.

Félagslíf nemenda og forvarnir

Vorið 2023 hófst með þátttöku nemenda í spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur. Leikfélag NMK var endurlífgað eftir nokkurra ára dvala. Söngleikurinn Litla hryllingsbúðin var settur upp og sýndur í Gaflaraleikhúsinu undir leikstjórn Stefáns Benedikts Vilhelmssonar og var Ólafur Þór Þorsteinsson, kennari, hans hægri hönd.

Karl Bjarnason tók þátt í söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd NMK í byrjun apríl og í seinni hluta apríl var árshátíð nemendafélagsins haldin með pompi og prakt.

Á haustönn 2023 tók ný stjórn við nemendafélaginu og þeirra fyrsta verkefni var að skipuleggja nýnemaferð sem var farin í lok ágúst. Að þessu sinni var farið í dagsferð austur fyrir fjall þar sem farið var í hópeflisleiki.

Nemendafélagið stóð auk þess fyrir tveimur skólaböllum, bleika deginum og íþróttamóti í samstarfi við aðra framhaldsskóla.

Forvarnir eru mikilvægar og hafa starfsmenn MK unnið að því markmiði að stuðla að bættri líðan allra innan veggja skólans. Félagslífs- og forvarnarfulltrúi vinna náið saman og koma meðal annars að skipulagningu nýnemaferðar, að dansleikjum á vegum skólans sem og annarra nemendaviðburða á vegum skólans. Haustið 2023 voru tveir öflugir áfengismælar keyptir. Allir nýnemar blása við innganginn á öllum skóladansleikjum og geta skráð nafn sitt í edrúpott. Eldri nemendum gefst einnig kostur að blása og skrá nafn sitt í edrúpottinn. Dregið er úr pottinum eftir hvern dansleik og verðlaun veitt.



Umhverfismál


MK hefur sett sér umhverfis- og loftslagsstefnu og leitast við í öllu starfi sínu að sinna umbótum í umhverfis- og loftslagsmálum. Stefna skólans er að stuðla að heilbrigðum og vistvænum lífsstíl nemenda og starfsfólks, úrgangnotkun, endurnýtingu, endurvinnslu o.fl. Aðalmarkmið skólans er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda að lágmarki um 45% fram til ársins 2030 miðað við árið 2019. Umhverfis- og loftslagsstefnu skólans er fylgt eftir með þriggja ára aðgerðaráætlun sem skal endurskoða árlega.

MK leggur áherslu á að umhverfis- og loftslagsmál séu eitt af meginmarkmiðunum í námskrá skólans. Umhverfisfræði er skylduáfangi fyrir alla nemendur í bóknámi skólans og í starfsnámi skólans er lögð áhersla á að samtvinna fræðslu og aðgerðir til að auka líkur á að allar ákvarðanir séu teknar með sjálfbærni í huga.

Umhverfisdagur var haldinn á haustönn en tilgangur hans er að auka umhverfisvitund nemenda og vekja athygli þeirra á því sem þeir geta sjálfir gert til að vernda umhverfið. Að þessu sinni var áhersla lögð á flokkun og endurvinnslu og fengum við kynningu á hringrásarhagkerfinu frá Sorpu. Nemendur tóku þátt í plokkeppni og matreiðslunemendur útbjuggu nýtnisúpu.

Til að vinna gegn matarsóun er hádegismaturinn seldur eftir vigt og í lok dags geta nemendur og starfsfólk keypt góðgæti á góðu verði.

MK tekur þátt í verkefninu Græn skref ríkisstofnana og er skólinn komin með viðurkenningu á tveimur skrefum. Vinna er hafin á þriðja þrepinu og mun halda áfram á næsta skólaári.



Leiðsöguskóli

Á vorönn voru tvö kjörsvið í boði í Leiðsöguskólanum, almenn leiðsögn og gönguleiðsögn. 28 nemendur útskrifuðust úr skólanum, 15 úr almennri leiðsögn og 13 gönguleiðsögumenn. Í almennri leiðsögn eru nemendur undirbúnir undir það að leiðsegja erlendum ferðamönnum í rútuferðum. Segja má að farinn sé hringurinn í kringum landið í kennslustundum annarinnar þar sem kennari fræðir nemendur um hvað sé frásagnarvert og skoðunarvert á hverjum stað. Nemendur fara í fjórar æfingaferðir í rútu þar sem þeir fá þjálfun í leiðsögn, en það krefst nokkurrar þjálfunar að segja frá úr sæti leiðsögumannsins og snúa baki í áheyrendur. Æfingaferðirnar eru Reykjavíkurförð, Reykjaneshringur, Gullhringurinn og tveggja daga ferð um Snæfellsnes og Borgarfjörð. Að auki fara nemendur í tvær prófferðir í rútu, Reykjavíkurförð og Gullhring, en þá er frásögnin tekin upp og síðan metin af prófdómurum. Við námsmatið er ekki bara tungumálakunnátta nemenda metin því frásögnin þarf bæði að vera áhugaverð og skemmtileg fyrir ferðamanninn og leiðsögumaður verður líka að fara rétt með staðreyndir. Einnig er farið í tvær gönguferðir þar sem dregið er um hvenær nemendur leiðsegja, um Elliðaárdalinn og miðbæ Reykjavíkur. Námi í almennri leiðsögn lýkur með hringferð um landið þar sem nemendur skiptast á að leiðsegja og fá að auki leiðsögn frá staðkunnugum leiðsögumönnum. Í öllum ferðum fá nemendur leiðbeiningar frá kennara um það sem betur má fara í frásögn sem og framkomu. Kennsla var í höndum fjögurra kennara en að auki kom nokkur fjöldi gestafyrirlesara að kennslunni.

Af kjörsviðinu útskrifuðust 15 leiðsögumenn, 9 karlar og 6 konur. Flestir útskrifuðust með ensku sem kjörmál en einn var með þýsku. Í fyrsta skipti stóð nemendum til boða að þreyta próf á íslensku og útskrifaðist einn nemandi með íslensku sem kjörmál. Níu úr hópnum hafa lokið meiraprófi og geta því tekið að sér ökuleiðsögn.

Gönguleiðsögunemar eru fyrst og fremst þjálfaðir í að fara með ferðamenn í lengri og styttri gönguferðir. Þar sem oftast þarf að nota rútu til að koma hópum á upphafsstað göngu, og margar ferðir eru blanda af gönguferð og rútuferð, þá fá nemendur þjálfun í að leiðsegja í rútu.

Gönguleiðsögunemar fara í þrjár æfingaferðir í rútu og svo eina prófferð. Mikil áhersla er lögð á verklega þjálfun og fara nemendur í tvær rötunarferðir, æfingaferð í þverun straumvatna og á tvö helgarnámskeið: Vetrarferðamennska og Ferðamennska á jökulum. Einnig fara þau í búnaðarferð og gista í tjaldi snemma vors. Að auki þurfa nemendur að fara í tíu gönguferðir á eigin vegum og skrá upplýsingar í svokallaða loggbók. Ferðirnar þurfa að vera a.m.k. fjórar klukkustundir á göngu. Nemendur læra um veðurfar á fjöllum og um jökla. Þeir fá þjálfun í hópstjórn og fá tilsögn í að nota skyndihjálþ fjarri alfaraleið, en ef slys ber að höndum í gönguferðum er oft nokkur bið á aðstoð og því mikilvægt að leiðsögumenn geti brugðist rétt við og búið vel um hinn slasaða til að gera honum biðina bærilegri. Í lok annar er farið í fimm daga gönguferð um óbyggðir sem nemendur skipuleggja sjálfir undir handleiðslu kennara. Nemendur æfa sig í leiðsagnartækni, að lesa kort og nota áttavita og GPS tæki. Gist er í tjöldum og allur búnaður borinn á bakinu.

Margir kennarar og gestafyrirlesarar koma að kennslu í gönguleiðsögn en sjö kennarar halda utan um bóklega áfanga annarinnar.

Þrettán gönguleiðsögumenn útskrifuðust, 5 karlar og 8 konur, öll með ensku sem kjörmál nema einn sem útskrifast með íslensku sem kjörmál. Töluverð eftirspurn hefur verið eftir íslenskumælandi gönguleiðsögumönnum undanfarin ár enda hafa margir Íslendingar skráð

sig í gönguhóp. Að þessu sinni voru þrír með aukin ökuréttindi en enginn hefur lokið Wilderness First Responder námskeiði, en það er 8 daga skyndihjálparnámskeið sem veitir alþjóðleg réttindi. Allir luku 2 námskeiðum í Fyrstu hjálp SKY101 og SKY201. Mælt er með að þeir sem taki að sér leiðsögn í ferðum fjarri byggð hafi lokið WFR.

Á vorönn velja nemendur í almennri leiðsögn fjórar einingar og nemendur í gönguleiðsögn tvær einingar. Fyrirlestrararnir sem eru í boði eru nokkuð fjölbreyttir en hver fyrirlestur er fjórar kennslustundir. Á vorönn 2023 voru þessir fyrirlestrar í boði: Íslendingasögur; teknar voru fyrir Njáls saga, Egils saga, Laxdæla og Grettis saga; Jarðfræði vinsælla gönguleiða á Íslandi; Laugavegurinn og Fimmvörðuháls, Reykjanes og Vatnajökulsleiðir. Einnig var fjallað um Norðurljós, stjörnuhimininn og manngerða hella auk fararstjórnar erlendis.

Innritun gekk vel haustið 2023 og hófu um 70 nemendur nám á haustönn. Mörgum nemendum hentar að dreifa náminu á tvö skólaár enda er það heilmikil viðbót við „lífið“ að vera í fullu námi. Fjöldi tungumálakennara fer eftir kjörtungumálum nemenda en miðað er við að a.m.k. þrír nemendur séu í hverjum hópi. Að þessu sinni voru sex hópar í áfanganum Tungumálanotkun TMN102. Enskan er langvinsælust en í því tungumáli voru fimm hópar og einn hópur í þýsku. Engar breytingar voru á kennarahópi skólans að þessu sinni. Að vanda kom fjöldi gestafyrirlesara og prófdómara að skólstarfinu.

Undanfarin ár hafa fyrirlestrar verið sendir út í gegnum Teams og hafa nemendur því val um að mæta í kennslustofu eða hlusta þar sem þeir eru staddir. Þetta nýtist t.d. bílstjórum og þeim sem eru byrjaðir að vinna sem leiðsögumenn. Nemendur þurfa áfram að mæta í æfingatíma s.s. raddþjálfun og tungumálanotkun.

Leiðsöguskólinn hefur haft hönd í bagga með þeim aðilum sem hafa staðið fyrir svæðisleiðsögunámi en svæðisleiðsögn hefur verið kennd víðsvegar um landið. Öll tungumálapróf eru metin af prófdómurum Leiðsöguskólans sem tryggir að þeir sem útskrifast sem svæðisleiðsögumenn uppfylli sömu kröfur og gerðar eru til nemenda í Leiðsöguskólanum. Svæðisleiðsögunám var hvergi í boði á árinu en það er ljóst að áhugi er fyrir því að bjóða upp á leiðsögunám á næstunni því fyrirspurnir bárust á árinu.

Síðla hausts 2022 gerði Leiðsöguskóli Íslands samning við fræðslunefnd Leiðsagnar, félags leiðsögumanna um að halda utan um endurmenntunarnámskeið. Árið 2023 voru haldnir 4 fyrirlestrar fyrir félagsmenn um ólík málafni sem dýpka þekkingu starfandi leiðsögumanna. Fyrirlestrararnir eru sendir út síðdegis í gegnum Teams að ósk Leiðsagnar enda eru félagsmenn að störfum um allt land, allt árið um kring. Þetta fyrirlestrahald er skemmtileg tilbreyting í starfsemi skólans og er ágætis kynning á skólanum innan greinarinnar.



Kennsla í Krýsuvík

Kennsla í Krýsuvík var með hefðbundnu sniði vorönn og haustönn 2023. Ánægja er með starfsemi MK í Krýsuvík og er það mat kennara og meðferðarfulltrúa að kennslan sé mikilvæg í endurhæfingu heimilismanna. Kennsla hefur undanfarin ár verið eftir hádegi á þriðjudögum og fimmtudögum. Fjórir kennarar hafa séð um kennsluna og kennslugreinarnar sem kenndar voru eru íslenska, enska, félagsfræði og stærðfræði. Kennslan er einstaklingsbundin og fer eftir þörfum og getu hvers og eins.

Það hefur sýnt sig að starf Menntaskólans í Kópavogi í Krýsuvík er mikilvægur hlekkur í starfseminni þar.

Opið hús

Undanfarin ár hefur skólinn staðið fyrir opnu húsi seinni part dags en nú var sú ákvörðun tekin að opna skólann fyrir áhugasama laugardaginn 11. mars milli kl. 12:00 og 15:00. Ýmsar keppnir voru í hótél- og matvælagreinum, boðið var upp á fjöltefli, hægt var að fara í blóðsykursmælingu og nemendur í frumkvöðlafræði sýndu afrakstur sinn í fyrirtækjarekstri og nýsköpun. Allir starfsmenn og hópur nemenda kappkostuðu við að gera opna húsið skemmtilegt og var mikið líf og fjör í skólanum og met þátttaka.



MK 50 ára 22. september

Nemendafélagið stóð fyrir ýmsum uppákomum og viðburðum í hádegishléum í afmælisvikunni en hápunkturinn var afmælishátíðin sem haldin var í skólanum fimmtudaginn 21. september. Skólinn bauð þá nemendum upp á pylsur og afmælisöku í hádeginu. Guðríður Hrund, skólameistari, flutti afmælisávarp, dregið var úr Edrúpottinum frá nýnemaballinu og Páll Óskar flutti nokkur lög af sinni alkunnu snilld.

Seinnipartinn fögnuðu svo góðir gestir ásamt starfsfólki skólans áfanganum. Nemendur og kennarar í hótél- og matvælagreinum sáu um glæsilegar veitingar. Ávörp fluttu Guðríður Hrund, skólameistari, Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Guðmundur Birkir Þorkelsson, formaður skólanefndar og Flosi Eiríksson, fyrrverandi formaður nemendafélags NMK. Birna Berg Bjarnadóttir, útskriftarefni, söng nokkur lög og Ólafur Þór Þorsteinsson, sögukennari og fyrrum nemandi MK, stýrði veislunni.



Erlent samstarf

Menntaskólinn í Kópavogi tekur þátt í alþjóðastarfi og hefur erlent samstarf verið partur af skólastarfinu. Við skólann starfar alþjóðafulltrúi í hlutastarfi, Elísabet Björnsdóttir, sem sér um að halda utan um erlend verkefni skólans og styrkumsóknir. MK var veitt vottun VET Mobility Charter í starfsmenntahluta Erasmus+ menntaáætlunar ESB og auðveldar þessi gæðastimpill áætlanagerð. Með því er hægt að skapa betri festu í erlendu samstarfi.

Með tilstilli styrkja frá Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins fóru nemendur til ýmissa landa til að afla sér starfsreynslu í sínu fagi. Áætlunin leggur ríka áherslu á inngildingu og langaði okkur að vinna með það frekar. Við settum okkur markmið að bjóða nemendum á starfsbraut skólans í hópferð. Níu nemendur og fjórir starfsmenn sem fóru til Berlínar í tæpa viku og tókst einstaklega vel til. Hópurinn kynnti sér frumkvöðlafræði í framhaldsskólum í Þýskalandi og þau fylgdust með keppni í frumkvöðlafræði og fengu að kynna sér afrakstur keppninnar. Einnig fékk nemandi í grunndeild matvæla sjö vikna starfsnámsreynslu í Danmörku í framreiðslu. Allt ógleymanlegar ferðir og namar reynslunni ríkari.

3 starfsmenn skólans fóru á Bocuse D'or sem er virt matreiðslukeppni í Lyon í Frakklandi, haldin annað hvert ár og 24 lönd valin til að taka þátt. Þetta er ekki bara matreiðslukeppni heldur einnig sýning þar sem hægt er að deila og upplifa með áherslu á tækni og hugmyndaflug. Ferðin var svo nýtt til þess að heimsækja samstarfskólann okkar í Frakklandi.

Kennarar MK fá einnig tækifæri til að afla sér þekkingar með styrkjum frá Erasmus+. Kennarar okkar í bakaraíðn fóru fyrir hönd skólans til Álaborgar í starfskynningu og til að koma á samstarfi við framhaldsskólann TECH COLLEGE. Ferðin gekk vonum framár og mikil eftirvænting fyrir þessu samstarfi.

Við erum ákaflega ánægð með það samstarf sem okkur hefur tekist að koma á eftir heimsfaraldur, bæði í Frakklandi og Danmörku. Þessir skólar bjóða upp á svipuð fög og eru í Hótel- og matvælasjólanum í MK svo að það gefast tækifæri fyrir allar starfsnámsdeildir til að fara erlendis í starfsnám. Við höfum fengið skóla alstaðar að í skólaheimsóknir þar sem mikill áhugi er að koma og sjá skólann og einnig fengið nemendur frá Frakklandi og Svíþjóð í starfsnám hér.

Áfram verður haldið að gefa nemendum tækifæri til að fá þá einstöku reynslu sem felst í því að reyna fyrir sér erlendis í sínu fagi. Aukin þekking felst ekki bara í nýjum vinnustað heldur einnig í nýju tungumáli, umhverfi og menningu sem þau búa að. Það er einnig mikilvægt fyrir kennara skólans að fá tækifæri til símenntunar og styrkir kennara í starfi ásamt því að geta miðlað reynslu sinni til nemenda.



Gæðastjórnun

Við Menntaskólann í Kópavogi eru rekin þrjú gæðakerfi; ISO 9001:2015 fyrir allan almennan rekstur skólans, HACCP hreinlætis- og matvælaöryggiskerfi í kennsluumhverfi matvælagreina, og þá hefur skólinn frá hausti 2019 haft vottaðan jafnlaunastaðal IST85:2012.

ISO gæðakerfi skólans samanstendur af yfir 200 skjölum sem stöðugt þarf að halda við, bæta og breyta eftir því sem gæðakerfið þróast. Það er einmitt einn megin kostur gæðakerfisins hve sveigjanlegt það er og öll aðlögun að nýjungum og almennri framþróun er gerð auðveld.

Rýni á rekstrarskjölum (kennsluáætlunum, miðannarskýrslum, áfangaskýrslum og einkunnaskil) tryggja að vöktun fari fram á starfi kennara við MK og gefur færi til úrbóta um leið og frávika verður vart. Þessar upplýsingar eru greindar í sjálfsmatskýrslu í loka skólaárs m.t.t. falls milli anna, skiptingu á milli prófahluta og verkefnahluta í áföngum, athugasemda um aðbúnað og námsgögnum eða annarra athugasemda sem talið er að þurfi skoðunar við.

Allt námsmat í Menntaskólanum í Kópavogi skal byggja á skriflegum námsmatsreglum viðkomandi deildar. Skal í þeim reglum tryggt að gætt sé meðalhófs, jafnræðis og sanngirni. Samræmi skal vera á milli kennara og áfanga innan deildar og tryggt að allt námsmat sé áreiðanlegt, réttmætt og byggi á hlutlægum mælikvörðum en huglægt mat kennara lágmarkað.

Í upphafi skólaárs 2023-2024 var ákveðið að hætta formlegri vottun á ISO gæðakerfi skólans en nýta gæðakerfið engu að síður til utanumhalds við allan rekstur skólans.

HACCP (Hazard analysis and critical control points) er gæðakerfi er tekur til matvælaeftirlits og hollustuhátta við framleiðslu og dreifingu matvæla. Við matvælanámshluta Menntaskólans í Kópavogi hefur um árabíl verið beitt aðferðafræði í samræmi við HACCP. Á hverju ári er gerð úttekt á hreinlæti og aðbúnaði af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.

Jafnlaunavottun Menntaskólans í Kópavogi hefur nú verið staðfest til 2025. Með innleiðingu og vottun á IST:85 jafnlaunastaðli geta fyrirtæki og stofnanir komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Gæðakerfi Menntaskólans í Kópavogi eru í sífelldri þróun enda þurfa þau að standast mismunandi reglulegar ytri úttektir á hverju ári. Notkun gæðakerfa við rekstur og stjórnun skólans hefur sannað ágæti sitt og gert góðan skóla enn betri.

Framkvæmdir í MK

Skólinn skilar framkvæmdaáætlun til Ríkiseigna á hverju ári. Stærsta framkvæmd ársins var endurnýjun á kennslurýmum bakaradeildar og endurnýjun á bakaraofnum. Unnið var að almennu viðhaldi innanhúss eins og t.d. málun og ljósabúnaður, hljóðkerfi og rafmagn í kennslustofum voru yfirfarin. Auk þess voru nýir opnanlegir gluggar settir upp í kjallara V-álmu, nýjar gardínur settar upp í N-álmu og nýir sjónvarpsskjáir settir upp í nokkrum kennslustofum. Þá var A-101 aftur tekin í notkun sem kennslustofa og nýtt vinnurými útbúið í V-álmu.

Yfirlit um rekstrarafkomu

Rekstur MK á árinu 2023 var mjög erfiður. Launaliður hækkaði um 11% eða um 135,8 m.kr. frá fyrra ári. Helstu ástæður fyrir þessari hækkun eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi voru of margir nemendur teknir inn í skólann miðað við fjárveitingar sem skólinn hefur yfir að ráða. Aukinn fjöldi nemenda kallaði á mikla yfirvinnu kennara. Í öðru lagi var gerð leiðrétting á vinnumati kennara í kjölfar dóms sem féll MK í óhag í nóvember 2022. Í þriðja lagi var aukinn kostnaður vegna veikinda starfsmanna og var fjarveru þeirra að mestu leyti mætt með yfirvinnu annarra starfsmanna.

Samanburður árin 2023 - 2022

í m.kr.

Tekjur	2023	2022	Frávik	%
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	1.572,4	1.524,0	48,4	3%
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	26,3	26,1	0,2	1%
Sértekjur og aðrar rekstrartekjur	170,5	122,8	47,7	39%
Samtals	1.769,1	1.672,9	96,2	6%
Gjöld				
Laun	1.335,4	1.199,5	135,8	11%
Húsnæði	373,1	336,4	36,8	11%
Annar rekstrarkostnaður	160,7	151,6	9,1	6%
Afskriftir	26,3	26,1	0,2	1%
Samtals	1.895,5	1.713,7	181,8	11%
Afkoma (-tap) ársins	-126,4	-40,8		

Árangursmælikvarðar og markmið úr stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila

Skólinn hefur sett sér metnaðarfull markmið og árangursmælikvarða sem tengjast ólíkum þáttum starfseminnar. Tekist hefur að uppfylla sum markmiðin að fullu, sum að hluta en hægar gengur með önnur.

Fjölga nemendum í kjötiðni og framreiðslu


Eitt af meginmarkmiðum skólans var að fjölga nemendum í framreiðslu og kjötiðni. Árangur hefur náðst í kjötiðni en nám í þeirri grein var endurvakið á vorönn 2023. Ein af aðgerðunum til að ná markmiðum tengdum kjötiðnaði var að aðlaga námskrá að lotubundnu dreifnámsformi og mun sú vinna halda áfram. Hins vegar hefur ekki tekist að fjölga nemendum í framreiðslu. Eitt af markmiðum skólans var að kynna námið meðal starfsfólks veitingahúsa. Framkvæmdarstjóri Hótel- og matvæðaskólans hefur markvisst verið í tengslum við veitingageirann og vonir standa til að sú aðgerð muni leiða til árangurs. Í aðgerðaráætlun var einnig gert ráð fyrir endurskoðun námskrár og að bjóða upp á lotubundið dreifnám í greininni. Þessum markmiðum hefur ekki verið náð en unnið er að þeim.

Betri og hagkvæmari nýting hráefnis

Háleit markmið voru sett um að lækka hráfniskostnað og nýta betur keypt aðföng. Aðgerðir miðuðu að því að nýta betur afurðir sem falla til í kennslu. Með auknu samstarfi á milli verknámsdeilda og mótuneytis skólans er það markmið komið langt á leið. Auk þess hafa matarafgangar sem falla til verið seldir sem góðgæti á góðu verði í lok hvers dags til starfsfólks og nemenda skólans og hefur það mælt vel fyrir.

Skipurit MK

Menntaskólinn í Kópavogi skipurit



Starfsfólk skólans árið 2023

Stjórnendur

Baldur Sæmundsson	áfangastjóri	leyfi vorönn
Erla Hlín Helgadóttir	áfangastjóri	frá hausti
Guðríður Eldey Arnardóttir	skólameistari	leyfi haustönn
Guðríður Hrund Helgadóttir	aðstoðarskólameistari	
	skólameistari	frá hausti
Haraldur J. Sæmundsson	framkvæmdastjóri	frá hausti
Helene Houmøller Pedersen	áfangastjóri	
	aðstoðarskólameistari	frá hausti
Hildur Þórsdóttir	kennslustjóri	
Magnús Héðinsson	framkvæmdastjóri	vorönn
Sigríður Guðrún Sveinsdóttir	náms- og skrifstofustjóri	

Skólanefnd

Aðalmenn án tilnefningar:

Eysteinn Pétur Lárusson
Svandís Dóra Einarsdóttir
Steinþór Jónsson

Aðalm. samkv. tiln. Kópavogsb.

Guðmundur Birkir Þorkelsson formaður
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir

Varamenn án tilnefningar:

Björg Baldursdóttir
Kristín Hermannsdóttir
Sigmar Ingi Sigurðsson

Varam. samkv. tiln. Kópavogsb.

Björg Baldursdóttir
Theódóra S. Þorsteinsdóttir

Áheyrnarfulltrúi kennara

Gerður Bjarnadóttir

Áheyrnarfulltrúi nemenda

Embla Rún Pétursdóttir

Annað starfsfólk

Arnór Snær Óskarsson	stuðningsfulltrúi	vorönn
Ásdís Þóra Ágústsdóttir	stuðningsfulltrúi	frá haustönn
Ásrún Á. Jónsdóttir	sálfræðingur	
Daði Rafnsson	fagstjóri afreksíþróttasviðs	
Daníel Ingi Guðmundsson	stuðningsfulltrúi	
Dóra Björg Jónsdóttir	ritari	
Elísa Þorsteinsdóttir	náms- og starfsráðgjafi	vorönn
Elísabet H. Guðmundsdóttir	fjármálastjóri	
Erla Guðrún Magnúsdóttir	Starfsmaður bókasafns	
Guðmundur Kristinn Jónsson	innkaupastjóri	
Guðni Jónsson	stuðningfulltrúi	
Gunnfríður Friðriksdóttir	þjónustuliði	
Helga Lind Hjartardóttir	náms- og starfsráðgjafi	
Helga Sigríður Eiríksdóttir	náms- og starfsráðgjafi	frá haustönn
Hildur Ómarsdóttir	þroskaþjálfari	
Ingibjörg Jónsdóttir	forstöðum.bókasafns/skjalav.	
Ingibjörg Þórdís Þórisdóttir	náms- og starfsráðgjafi	leyfi
Iryna Novakovska	mötuneyti	
Jenný Guðbjörg Hannesdóttir	matráðgjafi	
Jóhanna Jónsdóttir	þroskaþjálfari	vorönn
Katarzyna Baranowska	þjónustuliði	
Kristín Hrönn Þráinsdóttir	fagstjóri Leiðsöguskólans	
Magnea Þorbjörg Einarsdóttir	yfirmaður þjónustusviðs	
Maria Lilibeth T. Oriol	þjónustuliði	
Minming Wu	þjónustuliði	
Miranda Dorota Borowska	mötuneyti	vorönn
Oleksandra Nesmianova	mötuneyti	
Rolandas Mineika	kerfisstjóri	
Wioleta Mierzejewska	þjónustuliði	leyfi
Þórarinn Halldórsson	umsjónarmaður fasteigna	
Xueyi Li	þjónustuliði	

Kennarar

Anna Fanney Ólafsdóttir	stærðfræði	
Aron Már Björnsson	afreksíþróttasvið	
Ásgeir Þór Tómasson	bakstur	
Ásta Birna Ólafsdóttir	starfsbraut	frá haustönn
Ásthildur Elín Guðmundsdóttir	bakstur	leyfi
Bárður Guðlaugsson	framreiðsla	
Baldur Sæmundsson	ramreiðsla	frá haustönn
Caroline Nicholson	enska	
Elfa Ingvadóttir	stærðfræði	frá haustönn
Elín Hrunn Heiðarsdóttir	spænska	
Elísabet Björnsdóttir	enska og alþjóðafulltrúi	
Erla Hlín Helgadóttir	sálfræði og lýðheilsa	vorönn
Eva Dögg Kristbjörnsdóttir	ísl. sem annað mál, uppl.tækni	

Eva Hrönn Stefánsdóttir	enska	
Eygló Erla Þórisdóttir	íslenska	
Eygló Ingólfssdóttir	starfsbraut	leyfi haustönn
Eypór Eiríksson	stærðfræði	
Garðar Vilhjálmsson	viðskiptagr.	
Gerður Bjarnadóttir	íslenska	
Guðbjörn Sigurmundsson	íslenska	
Guðlaug Ragnarsdóttir	meistaránám og matart.	leyfi haustönn
Guðný Jónsdóttir	matsveinar og matart.	
Guðný Pálsdóttir	enska	
Guðrún Angantýsdóttir	stærðfræði	leyfi haustönn
Guðrún Sjöfn Axelsdóttir	tærðfræði	
Hallgrímur Sæmundsson	framreiðsla	
Haraldur Árni Þorvarðarson	bakstur	
Harpa María Wenger Eiríksdóttir	umhverfisfr. og ferðagr.	
Heiðrún Hjaltadóttir	enska	
Heimir Freyr Hálfðanarson	íslenska	
Helena Halldórsdóttir	sálfræði	leyfi vorönn
Hermann Þór Marinósson	matreiðsla	
Hildur Guðrún Hauksdóttir	danska	
Hinrik Carl Ellertsson	matreiðsla	
Hjördís Einarsdóttir	félagsgreinar	
Hrafnhildur Sigurðardóttir	stærðfræði	
Ingunn Gylfadóttir	danska	
Íris Dögg Gunnarsdóttir	enska	
Jóhannes Ægir Baldursson	framreiðsla	frá haustönn
Jóna Bjarnadóttir	efnafræði og eðlisfræði	frá haustönn
Jóna Björk Viðarsdóttir	næringarfræði og lýðheilsa	
Kristín Bjartmarsdóttir	viðskiptagr.	
Kristján Hallur Leifsson	kjötiðn	
Laufey Ófeigsdóttir	sálfræði	
Maren Davíðsdóttir	jarðfræði og umhverfisfr.	
Margrét Benediktsdóttir	þýska	
Margrét S. Sigbjörnsdóttir	matsveinar og matart.	vorönn
Margrét S. Sigurðardóttir	líffræði	
María Ben Ólafsdóttir	félagsgreinar	
María Hjálmtýsdóttir	kynjafræði og spænska	
Nanna Þóra Andrésdóttir	starfsbraut	
Ólafur Þór Þorsteinsson	saga	
Ragnheiður Lárusdóttir	íslenska	leyfi
Reynir Kristjánsson	eðlisfræði og efnafræði	vorönn
Sara Pétursdóttir	íslenska	leyfi
Sigrún Ása Magnúsdóttir	íslenska	
Sigrún Guðmundsdóttir	viðskiptagreinar	
Sigrún Óskarsdóttir	stærðfræði og viðskiptagr.	
Sigurður Daði Friðriksson	matreiðsla	leyfi haustönn
Silja Brá Guðlaugsdóttir	framreiðsla	leyfi haustönn
Soffía Ófeigsdóttir	íslenska	

Sólveig Ebba Ólafsdóttir	íslenska	leyfi vorönn
Stefán Svavarsson	saga og spænska	
Unnsteinn Ó Hjörleifsson	matreiðsla	
Vanessa G. B. Escobar	spænska	
Þorbjörg Ída Ívarsdóttir	stærðfræði	frá haustönn
Þorbjörg Rún Eysteinsdóttir	líffræði og lýðheilsa	
Þórir Bergsson	viðskiptagreinar	
Þuríður Helga Guðbrandsdóttir	matsveinar og matart.	
Ægir Friðriksson	matreiðsla	
Vilhjálmur Þór Sigurjónsson	tölvumsjón	vorönn

